

**105. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
8. maí 2019 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir formaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður,  
Kristjana H. Ólafsdóttir varamaður og Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Sveinborg Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1904138 - Heimahjúkrun og félagsþjónusta - staða**

Heimahjúkrun og heimaþjónusta - staða

*Laufey Jónsdóttir, verkefnastjóri heimaþjónustu kom inn á fundinn undir þessum lið og kynnti málið. Velferðar- og mannréttindaráð þakkar Laufeyju Jónsdóttur fyrir kynninguna.*

*Velferðar- og mannréttindaráð leggur til að ekki verði tekin ákvörðun um aukna þjónustu á sérstökum frídögum og stórhátiðardögum að svo stöddu. Starfandi sviðsstjóra og verkefnastjóra heimaþjónustu er falið að leita eftir samráði við deildarstjóra og forsvarsmenn HVE til að skoða með hvaða hætti hægt er að auka eða breyta samstarfinu miðað við núverandi stöðu.*

**2. 1904110 - Holtsflöt 9 - Næturvaktir**

Holtsflöt 9 - Næturvaktir

*Gunnhildur Vala Valsdóttir forstöðumaður búsetubjónustunnar að Holtsflöt 9, kom inn undir þessum lið og kynnti stöðu öryggismála í þjónustunni. Velferðar- og mannréttindaráð þakkar forstöðumanni fyrir kynninguna.*

*Velferðar- og mannréttindaráð lýsir áhyggjum af stöðunni og leggur til að starfandi sviðsstjóra og forstöðumanni sé falið að vinna málið áfram fram að næsta fundi ráðsins.*

**3. 1904086 - Íbúðir fyrir fatlaða einstaklinga - stofnstyrkur til Brynja hússjóður**

Íbúðir fyrir fatlaða einstaklinga - stofnstyrkur til Brynju Hússjóðs.

Bæjarráð vísar samþykkt sinni til umfjöllunar í Velferðar- og mannréttindaráði.

*Velferðar- og mannréttindaráð fagnar ákvörðun bæjarráðs um veitingu stofnframlags vegna kaupa á allt að tíu íbúðum Brynju hússjóðs  
Öryrkjabandalagsins hér á Akranesi.*

**4. 1811060 - Trúnaðarmál**

Trúnaðarmál

Trúnaðarmál.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.**

*Gerður Jón. Jóhannsdóttir  
Kristjana H. Ólafsdóttir  
Anna Þóra Þorgilsdóttir  
Sveinborg Kristjánsdóttir*